

Jöfnuður, saga og stjórnsmál

Skipting auðs og tekna á fyrri óldum er hulin þétri þoku, því að engar nothaefar staðtölur eru til um ójöfnuð milli manna á fyrri tíð. Við vitum, að himinn og haf skildu að lífskjör höfðingja og þræla til forna, en hversu mikill var munurinn? Tífaldur? Hundraðfaldur? Þúsundfaldur? Það er ekki vitað. Við vitum, að höfðingjar miðalda bárust sumir mikið á, alþýðan lapti dauðann úr skel, og baendur héldu hjúum í vistarbandi fram undir aldamótin 1900. Vistarbandið jábraði við þrælahald og lagði ost ekki af fyrir en eftir að aðrar þjóðir höfðu afnumið þrælahald með lögum. Fátaektin prúgaði þjóðlifíð. En enginn veit, hversu mikill ójöfnuðurinn var milli manna á miðöldum á mælikvarða nútímans.

Fátaekt og ójöfnuður fyrri tíðar voru aðaluppsprettar nokkurra helzta félagsshreyfinga tuttugustu aldar, þar á meðal verklýðshreyfingar og jafnaðarmannaflokka, sem hafa haft mikil áhrif á félagsþróun Evrópu og um allan heim. Það var að miklu leyti fyrir þeirra tilverknað, að Evrópulöndin byggðu upp stöndug velferðarríki á öldinni sem leið, hvert eftir sínu höfði. Markmiðið var að útrýma fátaekt og tryggja meiri jöfnuð milli beginnana en áður hafði tiök-azt. Þetta tókst að miklu leyti innan ramma blandaðs markaðsbúskapar. Önnur iðnríki fylgdu fordæmi Evrópalandanna, þar á meðal Bandaríkin og Japan. Í Japan ríkir svipaður jöfnuður tekna milli manna og í Svíþjóð. Japanar hafa reist sér breiðvirk, ríkt og friðsælt velferðarríki fyrir samstilltan tilverknað einkafyrir-tækja og almannavalds.

Nýlegar rannsóknir á þróun tekjuskiptingar í Bandaríkjum sýna, að þar dró saman með ríkum og fátækum frá 1930 til 1980. Stefna stjórnvalda virðist hafa ráðið miklu um þessa þróun.

Í DAG
AUKINN
ÓJÖFNUÐUR



PORVALDUR
GYLFASON

Fjórða hvert bandarískt barn býr við fátaekt samkvæmt viðteknum skilgreiningum á móti tuttugasta hverju barni í Svíþjóð.

Demókratinn Franklin Roosevelt var kjörinn forseti landsins 1932. Kreppan mikla var þá nýskollin á, og Roosevelt beitti sér fyrir kjarabórum handa miðstéttinni. Hann var hástéttarmaður og uppskar óvild margra annarra hástéttarmanna, sem töldu hann ekki sýna tilhlyðilega stéttvísí í störfum sínum. Þeg fagna hatri þeirra, sagði Roosevelt og hélt sinu striki, og það gerðu eftirmenn hans úr báðum flokkum. Paul Krugman professor rifjaði það upp í dálki sínum í New York Times um daginn, hvað repúblikaninn Dwight Eisenhower, forseti Bandaríkjanna 1953-1960, hafði að segja um þá flokksbraður sína, sem vildu rífa félagsumbætur Roosevelt uppg með rótum: Þeir eru sárafáir, og þeir eru fífl, sagði Eisenhower. Síðan 1980 hefur ójöfnuður um landið aukizt til muna. Til marks um það má hafa hlutdeild þess hundraðshluta mannfjöldans, sem mestar hefur tekjurnar, í þjóðartekjum. Degar Roosevelt vard forseti 1933, fíll sjöttungur þjóðartekna í skaut 1% þjóðarinnar. Tekjuskiptingin jafnaðist svo með tímanum, að árið 1980 fíll tólfsti-

partur þjóðarteknanna í skaut 1% þjóðarinnar. Síðan 1980 hefur dæmið snúið við, svo að árið 2000 var aftur svo komið, að sá hundraðshluti mannfjöldans, sem mestar hefur tekjurnar, tók til sín sjöttunginn af þjóðartekjum Bandaríkjanna. Bilið hefur haldið áfram að breikka.

Hvað hefur gerzt? Þrjár skýringar koma helzt til álita. Í fyrsta lagi hafa tekniframfarir aukið eftirsprung eftir vel menntuðu vinnuafli og breikkað bilið milli hálaunaþófks og lágláuna. Í öðru lagi hafa síaukin heimsviðskipti veikt stöðu ýmiss launaþófks, einkum lágláunaþófks, þar eð mörg störf hafa flutzt til Indlands og annarra landa, þar sem vinnulaun eru miklu lægri en vestra. Í þriðja lagi var Ronald Reagan kjörinn forseti Bandaríkjanna 1980, hann hafði áður verið demókrati í anda Roosevelts og skipti síðan um skoðun og flokk og beitti sér í embætti fyrir verulegri lækkun skatta og öðrum lagabreytingum, sem drógu úr jöfnunaráhrifum ríkisbúskaparins. George Bush, núverandi forseti og flokksbróðir Reagans, hefur gengið enn lengra á þessari braut með fulltingi þingsins, sem hefur lotið stjórn repúblikana síðan 1994. Fjórða hvert bandarískt barn býr við fátaekt samkvæmt viðteknum skilgreiningum á móti tuttugasta hverju barni í Svíþjóð.

Repúblikonum er því ekki einum um það að kenna, hversu ójöfnuður hefur ágerzt í Bandaríkjum síðan 1980, enda hefur þróun tekjuskiptingar á Bretlandi frá 1930 verið ápekk þróunið vestra. Þó er sá munurinn á, að jöfnuður tekna milli manna á Bretlandi hefur síðan 1965 verið mun meiri en í Bandaríkjum. Um Ísland er engum haldbærum upplýsingum til að dreifa um tekjuskiptingu langt aftur í tímann. Brýnt er að bæta úr því.